



Bókun byggðaráðs á 32. fundi vegna byggingar leikskóla. Þess er farið á leit við nefndina að hún rýni tillögur um hönnun og framkvæmdir við skólalóð leikskólans.

7. Lögð fram fyrstu drög að áætlun um fjárfestingar og viðhald 2025 ásamt þriggja ára áætlun eftir yfirferð vinnufundar byggðaráðs 22.10.2024.

Í þessum fyrstu drögum er áætlun um fjárfestingar og viðhald deilda og í heild fyrir árið 2025 og þriggja ára áætlun. Áætlunin var fyrst lögð fyrir vinnufund byggðaráðs 22. október s.l.

Einnig eru lagðar fram sérstaklega kostnaðaráætlanir, hönnun og áfangaskipting vegna framkvæmda við Naust og skólalóðir leikskólans og grunnskólans.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin leggur til að 43.000.000 kr. verði settar í fjárhagsáætlun til framkvæmdar á leikskólalóða á næsta ári og velferðar- og fræðslunefnd verði falið að rýna tillögur að leikskólalóð með tillit til stærðar og annarra þátta sem upp kunna að koma.

Grunnskólalóð verði sett á 3ja ára áætlun.

Nefndin leggur til að farið verði í framkvæmd, samkvæmt tillögu 1b í viðbyggingu Nausts, og lagt verði 100.000.000 kr. í þá framkvæmd á árinu 2025 og innanhúss framkvæmdum lokið á árinu 2026.

Nefndin leggur fram framlögð drög inn í áætlunarvinnu sem næst verður tekinn fyrir á vinnufundi byggðaráðs 18. nóvember n.k.

Samþykkt samhljóða.